

lags íslenzkra botnvörpuskipaiegenda hins vegar er rétt framkvæmt þannig, að Ragnar Árnason fái kaup og fæðispeninga fyrir tímabilið 30. október til 15. nóvember 1954.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 31. janúar 1957.

Nr. 7/1956. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verkalýðsfélagsins Jökuls í Ólafsvík** (Jón Þorsteinsson hdl.)  
 gegn  
**Landssambandi ísl. útvegsmanna vegna Útvegsmannafélags Ólafsvíkur f. h. Víglundar Jónssonar** (Hafsteinn Baldvinsson c. jur.).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómendur.**

Fiskveiðar: Það talið brot á kjarasamningi, að skipstjóri fór í róður fyrir umsaminn tíma. Kröfu um hlutarmissi skipstjóra vísað frá dómi, en útgerðarmanni gert að greiða féviti til verkalýðsfélagsins.

#### **Dómur.**

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu dags. 15. marz f. á. af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðsfélagsins Jökuls í Ólafsvík gegn Landssambandi ísl. útvegsmanna vegna Útvegsmannafélags Ólafsvíkur f. h. Víglundar Jónssonar útvegsmanns.

Stefnandi hefur gert þessar dómkröfur:

1) að dæmt verði, að stefndi hafi brotið 14. gr. kjarasamnings aðilja, dags. 5. jan. 1953 með breytingum 1. jan. 1955, með því að láta bát sinn, Fróða S.H. 5, leggja upp í róður kl. 14.30 sunnudaginn 4. marz 1956.

2) að dæmt verði, að skipta beri samkvæmt hlutaskiptareglum, öllu andvirði aflans úr nefndum róðri milli skipverja Fróða einna, að skipstjóra undanskildum.

3) að stefndi verði dæmdur til þess að greiða allt að kr. 1000.00 í sekt til Vinnudeilusjóðs Verkalýðsfélagsins Jökuls.

Loks krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda. Til vara krefst hann þess, að hann verði sýknaður af 2. kröfulið stefnanda, um skiptingu andvirðis afla, og til þrautavara, að hann verði sýknaður af 3. kröfulið, sektargreiðslu í vinnudeilusjóð.

Þá hefur stefndi í greinargerð, samkvæmt heimild í 53. gr. laga nr. 80/1938, sett fram þá kröfu, að dæmt verði, að skilja beri 14. gr. framangreinds kjarasamnings svo, að sömu reglur skuli gilda um róðra 1. maí og róðra á sunnudögum.

Loks krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Stefnandi krefst sýknu af gagnkröfum stefnda og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Atvik málsins og málavextir eru þessir:

Aðalsökin.

Í 14. gr. kjarasamnings þess, sem í gildi er frá 1. jan. 1955 milli Verkalýðsfélagsins Jökuls í Ólafsvík og Útvegsmannafélags Ólafsvíkur segir svo:

„Ekki skal róa á sunnudögum og fyrsta maí. Þegar sunnudagafri eru, skal ekki lagt upp í róður frá kl. 18.00 á laugardögum og til sama tíma á sunnudögum. Frystihúsaeygendur skulu sjá um, að bjóð séu ekki afhent á laugardögum. Einnig er bátum óheimilt að róa með fleiri bjóð á föstudagskvöldi en aðra daga vikunnar. Hafi hins vegar verið farið frá línu á sjó, vegna veðurs, vélarbilunar eða annarra óviðráðanlegra orsaka, skal það ekki átalíð, þótt hún sé sótt á sunnudegi. Þá er skipstjóra ekki leyfilegt að kalla skipshöfn til vinnu á sunnudögum nema til þess að hjarga skipi frá skemmdum eða til þess að taka bjóð að kvöldi.

Brjótí skipstjóri þetta ákvæði og fari í róður á bönnuðu tímabili, skal skipta öllu verðmæti róðursins milli skipverja einungis, að skipstjóra fráskildum.“

Sunnudaginn 4. marz f. á. fór m/b Fróði S.H. 5, sem gerður var út frá Ólafsvík og er eign Víglundar Jónssonar

útgerðarmanns þar, í róður kl. 14.30. Kom báturinn að venju að landi næsta dag og lagði upp afla sinn, sem var alls 10320 kg. Um það bil, er Fróði fór í þennan róður, var þess strax krafizt af hálfu formanns verkalýðsfélagsins, að eigandi bátsins léti formanninum í té yfirlýsingu um það, að afli þessa róðurs ætti að skiptast milli hásetanna einna, þar sem farið væri í róður á ólöglegum tíma. En eigandinn, Víglundur, sem skýrt hefur frá þessu hér fyrir dómi, kveðst hafa neitað þeirri kröfu, þar sem alsíða hafi verið í Ólafsvík, að róa fyrir kl. 1800 á sunnudögum, og hafi sá háttur verið á vitorði forráðamanna verkalýðsfélagsins. Víglundur segir, að formaður verkalýðsfélagsins hafi talað við sig um þetta, áður en Fróði fór í róðurinn nefndan dag. Hins vegar hefur ekki neitt komið fram um það, að formaður bátsins hafi verið aðvaraður um það, áður en hann réri í þetta sinn, að þessi róðrarför hans kynni að valda honum og eiganda bátsins missi venjulegs aflahlutar þeirra. Næsta dag, 5. marz f. á., kvartar formaður verkalýðsfélagsins bréflaga yfir því við Útvegsmannafélag Ólafsvíkur, að kjarasamningur félaganna hafi verið brotinn með umræddum róðri Fróða og kveðst munu halda rétti verkalýðsfélagsins fram til dóms og laga. Jafnframt segir í bréfi þessu, að þess sé vænt, að útvegsmannafélagið sjái um, að kjarasamningurinn verði framvegis ekki brotinn.

Stefnandi byggir kröfur sínar í aðalsök á því, að samkvæmt 14. gr. kjarasamningsins hafi m/b Fróða verið með öllu óheimilt að fara í róður á þeim tíma, sem hann gerði hinn 4. marz f. á., þar sem róðrar megi ekki á sunnudögum hefjast fyrr en kl. 1800. Og þar sem engar þær ástæður, sem um ræðir í 14. gr. samningsins, hafi verið fyrir hendi, beri samkvæmt ákvæðum síðustu málsg. sömu greinar að skipta öllum afla úr þessum róðri milli hásetanna einna. Þá telur stefnandi einnig, að dæma beri stefnda til þess að greiða féviti til Vinnudeilusjóðs Verkalýðsfélagsins Jökuls, þar sem hann hafi með nefndum róðri brotið framangreindan kjarasamning, en samkvæmt 18. gr. hans varði brot á honum allt að kr. 1000.00 í sekt til nefnds sjóðs.

Stefndi byggir sýknukröfur sínar fyrst og fremst á því,

að hafnarskilyrði í Ólafsvík séu með þeim hætti, að það sé mjög háð sjávarföllum og veðri, hversu fari um báta þá, er þar liggja við bryggjur og þurfi formenn af þeim sökum að haga róðrum sínum nokkuð eftir því, hvernig veðurfari og sjávarföllum sé háttað hverju sinni. Kveður hann að illa hafi staðið á flóði umræddan sunnudag og nokkur kvika verið í sjó. Það hafi því verið hætta á að m/b Fróði yrði fyrir hnjaski, ef hann þyrfti að liggja utan á bátum við bryggju. Og þar sem skipverjar hafi af þessum sökum þurft að vera bundnir við bátinn hvort sem var, hafi formaðurinn tekið þann kost að fara í róður á þeim tíma sem hann gerði, enda sé það alsíða í Ólafsvík að fara í róður fyrir kl. 1800 á sunnudögum, ekki sízt, ef illa stendur á sjó, og hafi aldrei verið að því fundið af verkalýðsfélagins hálfu.

Stefnandi hefur mótmælt þessum staðhæfingum stefnda. Heldur hann því fram, að hvorki veður né sjávarföll hafi knúið formann m/b Fróða til þess að fara í róður 3½ klst. fyrir umsaminn tíma margnefndan dag. Jafnframt hefur hann mótmælt því, að ákvæði 14. gr. kjarasamningsins um róðrartímann hafi yfirleitt verið sniðgengin.

Samkvæmt þeim gögnum, sem fram hafa komið í málinu um hafnarskilyrði í Ólafsvík, veðurfar þar og sjávarföll hinn 4. marz f. á., verður ekki séð, að formanni m/b Fróða hafi vegna veðurs eða hafnarskilyrða eða af öryggisástæðum verið nauðsynlegt að leggja af stað í róður kl. 14.30 þann dag. Má í því sambandi benda á, að því hefur ekki verið haldið fram í málinu, að aðrir bátar í Ólafsvík, sem ekki fóru í róður þenna dag fyrr en um kl. 1800, hafi orðið fyrir hnjaski, þótt þeir leggðu ekki upp fyrr en á umsömdum tíma. Þá verður ekki heldur talið, að róðrartími m/b Fróða í þetta sinn verði réttlættur með því, að það sé venja í Ólafsvík, að haga róðrartíma á sunnudögum eftir sjávarföllum, án tillits til ákvæða kjarasamningsins. Gögn málsins benda að vísu til þess, að oft sé róið um kl. 17 á sunnudögum, en þótt svo væri, getur það ekki út af fyrir sig réttlætt róður fyrr á deginum, enda hefur ekki verið bent á neitt dæmi þess, að bátar hafi farið jafn snemma í róður og m/b Fróði fór oftnefndan sunnudag. Og þar sem því er eigi haldið

fram, að fyrir hendi hafi verið þau skilyrði 14. gr. kjarasamningsins, sem heimila róður á sunnudegi, en tímamörk þau, sem nefnd grein setur að öðru leyti, fortakslaus, verður að telja, að stefndi, sem vissi um það áform formanns síns að fara í róður á þessum tíma, hafi með því að láta þá háttsemi formannsins afskiptalaus gerzt brotlegur við ákvæði nefndrar greinar og ber því að taka 1. lið krafna stefnanda til greina.

Af þessari niðurstöðu leiðir, að dæma verður stefnda, samkvæmt kröfu stefnanda, til þess að greiða sekt til Vinnudeilusjóðs Verkalýðsfélagsins Jökuls, en 18. gr. framangreinds samnings lætur svo mælt, að brot á honum varði sektum til nefnds sjóðs. Þykir sekt stefnda fyrir framangreint brot hans á ákvæðum 14. gr. kjarasamningsins um róðrartíma, hæfilega ákveðin kr. 500.00.

Þá kemur til athugunar 2. kröfuliður stefnanda. Stefndi heldur því fram, að jafnvel þótt róðrartími m/b Fróða oftnefndan dag yrði talinn brot á ákvæðum 14. gr. kjarasamningsins, þá komi samt sem áður ekki til álita að beita ákvæði sömu greinar um skiptingu alls aflans milli skipverjanna einna, að skipstjóra undanskildum. Byggir hann þá staðhæfingu sína á því, að þessu ákvæði, um skiptingu aflans, megi aðeins beita, ef svo stendur á, að bátur nær róðri umfram aðra báta vegna þess, að hann hafi t.d. farið í róður á laugardegi og svo náð því að fara aftur í róður á sunnudegi. Bendir stefndi í því sambandi á það ákvæði 14. gr., að frystihúsaeigendur skuli sjá um, að bjóð séu ekki afhent á laugardögum. Nú sé ljóst, að m/b Fróði hafi ekki unnið róður, þótt hann færi fyrr á sjó nefndan sunnudag en samningurinn kveður á um, og verði því viðurlögum þeim, sem 14. gr. leggur við því að fara í róður á bönnuðum tíma, eigi beitt gagnvart m/b Fróða vegna róðurs þess, sem um er deilt í málinu.

Stefnandi hefur eindregið mótmælt þessum skilningi stefnda á ákvæðum 14. gr. og kveður hann engu máli skipta, hvort bátur vinnur róður umfram aðra báta, ef hann hefur farið í róður á þeim tíma, sem samningurinn bannar.

Þessi kröfuliður stefnanda felur m. a. í sér það, að skip-

stjórinn á m/b Fróða, Tryggvi Jónsson, verði sviptur venju-  
legum aflahlut sínum, sbr. 3. gr. og 6. gr. kjarasamnings-  
ins, úr þessum róðri og honum skipt milli hinna skipverj-  
anna. Nefndum Tryggva hefur hins vegar ekki verið stefnt  
til þess að þola dóm um þetta og gæta hagsmuna sinna.  
Það verður ekki talið, að nefndur kjarasamningur feli í sér  
umboð til útgerðarmanns til hagsmunagæzlu fyrir skip-  
stjóra sína að þessu leyti. Af þessum sökum verður ekki  
í þessu máli dæmt um réttmæti nefndra viðurlaga á hend-  
ur skipstjóra m/b Fróða, og ber því, eins og kröfum þessa  
liðs er háttað, að visa honum í heild sjálfkrafa frá dómi.

**Gagnsökin.** Stefndi hefur í greinargerð sinni lýst því, að  
ágreiningur sé með aðiljum um það, hvernig skilja beri  
ákvæði 14. gr. kjarasamningsins um róðra 1. maí. Heldur  
stefndi því fram, að skilja beri nefnt ákvæði svo, að sama  
regla skuli gilda 1. maí og á sunnudögum, þannig, að heimilt  
sé að fara í róður 1. maí eftir kl. 1800.

Stefnandi hefur mótmælt þessum skilningi stefnda. Telur  
hann, að bannið við róðri 1. maí sé skilyrðislaust, og eigi  
tímamörkin um sunnudagaróðrana ekki við um þann dag.

Ákvæðinu um það, að ekki skuli róa 1. maí, var skotið  
inn í kjarasamning aðilja við samningsgerð 1. janúar 1955.  
Hefur ekki komið fram í þessu máli að nokkuð hafi verið  
um það rætt, hvort sunnudagaregla 14. gr., sem áður stóð  
í samningum aðilja, skyldi einnig gilda um 1. maí. Gegn  
mótmælum forráðamanna verklyðsfélagsins er ekki sann-  
að, að sú hafi verið ætlun aðilja. Og þar sem orðalag samn-  
ingsins bendir frekar til þess skilnings, að bann við róðr-  
um 1. maí sé fortakslaust, en alkunnugt, að verkalyðsfélög  
leggja áherzlu á það, að sá dagur sé hvíldar- og hátíðisdagur  
félagsmanna þeirra, þykir bera að fallast á skilning stefn-  
anda og verður þessi gagnkrafa stefnda samkvæmt því ekki  
tekin til greina.

Rétt þykir, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem  
þykir hæfilega ákveðinn kr. 1500.00.

#### Dómsorð:

1. Kröfu stefnanda um að öllum afla m/b Fróða úr

- róðri þeim, sem hófst 4. marz 1956, skuli skipt milli skipverja, að skipstjóra fráteknun, vísast frá dómi.
2. Stefnandi á að vera sýkn af gagnkröfu stefnda um að heimilt sé að róa eftir kl. 1800 hinn 1. maí.
  3. Það var brot á 14. gr. framangreinds kjarasamnings aðilja, að m/b Fróði fór í róður kl. 1430 hinn 4. marz 1956, og skal stefndi greiða kr. 500.00 í Vinnudeilusjóð Verkalýðsfélagsins Jökuls.

Stefndi, Landssamband isl. útvegsmanna f. h. Útvegsmannafélags Ólafsvíkur vegna Viglundar Jónssonar, greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðsfélagsins Jökuls, kr. 1500.00 í málskostnað.

Dómi þessum skal fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

---

Fimmtudaginn 7. febrúar 1957.

Nr. 9/1956.

**Alþýðusamband Íslands vegna Landssambands vörubifreiðastjóra f. h. Vörubílstjórafélagsins Vals á Akureyri**

(Jón Þorsteinsson hdl.)

gegn

**Vinumálasambandi samvinnufélaganna vegna Kaupfélags Eyfirðinga**

(Guðmundur Ásmundsson hrl.).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómendur.**

Bifreiðastjórar. Frávísunarkrafa, sem byggð var á því, að kjarasamningur milli vörubílstjórafélags og atvinnurekanda væri ekki kjarasamningur í merkingu laga nr. 80/1938, ekki tekin til greina.

**Úrskurður:**

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu dags. 7. júní f. á. af Alþýðusambandi Íslands vegna Landssambands